

Fundargerð

28. fundur í umhverfis,- skipulags- og bygginganefnd.

Miðvikudaginn 28. maí 2009 kom USB til fundar í fundarsal Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3, Þórshöfn.

Mætt. Vífill Þorfinnsson, Kristján Úlfarsson, Sóley Indriðadóttir, Sigurður J. Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Axel Gunnarsson, slökkviliðsstjóri og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri.

Fundur hófst kl. 12:05.

Dagskrá.

1. Umsókn frá Karenu Konráðsdóttur og Óla B. v/ Lyngholts.
2. Önnur mál.

Afgreiðsla.

1. Erindinu hafnað þar sem ekki er gert ráð fyrir þess konar starfsemi á aðalskipulagi og ekki liggur fyrir deiliskipulag. Nefndin lýsir ánægju sinni með framtakið og vonast til að þessi afgreiðsla stöðvi ekki frekari uppbyggingu starfseminnar.
2. Fyrirspurn um hvar hægt er að stinga niður plöntum. Sveitarstjóra falið að hafa samband við Angantý og ath. með einhvern ákveðinn reit og kynna hann í fréttabréfi. Einnig að kynna fyrir fólki hvar hægt er að fá aðgang að mold.
Húseignir í vanhirðu. Sveitarstjóra falið að yfirfara listann frá Þorkeli Björnssyni heilbrigðisfulltrúa og senda bréf til þeirra sem við á.
Girðing við gamla olíuportið, Langanesvegi 37. Samþykkt að fjarlægja girðinguna og jafna lóðina. Samþykkt að jafna fleiri svæði í þorpinu. Samþykkt að jafna lóðina á Sunnuvegi 12 og setja þar niður leiktæki.

Fleira ekki gert, fundislitið kl. 13:20.

Jóhanna Helgadóttir.